



# BRÚIN

Félag Íslendinga í  
Luxembourg

5. töl. 2005, - 15. árg.  
September 2005

## Echternachganga FÍL verður 9. október 2005

Echternach-ganga félagsins verður sunnudaginn 9. október kl. 14:00. Hittumst á bílastæðinu fyrir norðan vatnið. Leiðin verður merkt vegvísun með íslenska fánanum. Tilvalið er að taka vagnana, kerrurnar, hjólin, línuskautana eða hlaupahjólin með fyrir börnin.

Til sölu verða grillaðar íslenskar pylsur og fullt af íslensku sælgæti eftir gönguna. Viljum taka fram að nóg verður af pylsum! Metþátttaka var í fyrra og kannski koma enn fleiri í ár!

Stjórnin

### Í þessu blaði:

<i>Echternachganga</i>	1
<i>Þjóðhátíðarskemmtun</i>	1
<i>Símaskrá</i>	1
<i>Aðalfundur Spuna</i>	2
<i>Kvennahlaupið 2005</i>	2
<i>Námskeið "Frá væntingum til veruleika"</i>	2
<i>Kirkjunefnd</i>	3
<i>Basaar</i>	3
<i>Íslenskukennsla</i>	3
<i>Heilsunámskeið Sólvéigar</i>	3
<i>Öryggistilkynning</i>	3
<i>Gáta</i>	3
<i>Ritstýruspjall</i>	3
<i>Heimilis-/ Ráðagóðahornið</i>	4
<i>Skýrsla Spuna á FÍL fundi</i>	4
<i>Ferðasaga félagsmanns</i>	4
<i>Frh. ferðasaga</i>	5
<i>Litlu dálkarnir</i>	6

## Þjóðhátíðarskemmtunin fór fram 11. júní

Þjóðhátíðarskemmtun Félags Íslendinga í Luxembourg var haldin á Camping Godbrange 11. júní.

Veðrið lék við landsmenn sem sóttu hátíðina í stórum stíl.

Við innganginn fengu börnin afhentar blöðrur merktar íslenska fánanum eða með íslensku fánalitunum.

Seldar voru íslenskar pylsur með öllu tilheyrandi og fullt af íslensku sælgæti sem margir voru sólnir í.

Kennarar í Íslenskuskólanum tóku börnin með í margvíslega leiki sem þau höfðu svo sannarlega gaman að.

Lambalærin voru svo grillað í gjótu og voru grillmeistarar að þessu sinni, þeir Óskar Sigbórsson og Jóhann Örn Arnarson. Sérstakur niðurskurðarmeistari var Sigbór Óskarsson.

Kartöflusalatsgerðin var í höndum Elísabetar Iðunnar Einarasdóttur og hrásalatsgerðin var í höndum Halldóru (Stellu) Ásgeirsdóttur, auk þess sá hún um sveppasósurnar tvær, með og án sveppa!

Tjaldmeistarar stóðu sig vel að vanda, nýjrir sem gamlir.

Stjórnin vill þakka af alhug öllum þeim fjöldamörgu sem aðstoðuðu.

Stjórnin



### Á döfinni:

- Námskeið "Frá væntingum til veruleika" 8. október
- Echternachganga 9. október
- Aðalfundur Spuna 11. okt.
- Heilsunámskeið, Sólvéigar 21., 22., og 23. október
- Basaar international 25.-27. nóvember
- Íslenskuskólinn hefst eftir miðjan okt., nánar síðar

## Símaskrá Félags Íslendinga í Luxembourg

Ef óskað er eftir skráningu í símaskrá félagsins þá vinsamlegast hafið samband fyrir 20. október næstkomandi á [bruin@islandus.net](mailto:bruin@islandus.net) eða hringið í Guðbjörgu í síma 091-637-888. Skráin fer í prentun eftir ofangreinda dagsetningu.

Ef einhverjir hafa breytt um símanúmer, heimilisföng, e-mail eða eru komnir með Skype þá endilega hafið samband. Velkomið er að fara yfir eldri skráningar. Ef þið vitið af nýfluttu fólki, endilega bendið því á að hafa samband. Vonast er til að símaskráin verði með eins réttar upplýsingar og hægt er.

## Leikklúbburinn Spuni Aðalfundur

Aðalfundur Leikklúbbsins Spuna verður haldinn þriðjudaginn 11. október kl. 20:30 í Top Squash í Sandweiler.

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning nýrrar stjórnar
3. Önnur mál

Allir velkomnir og við vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórn Spuna



## Vonarglæta

Ég er 1,69 m á hæð og vel þybbinn. Stuttu eftir að ég fékk bílprófið lenti ég í smáóhappi á heimilisbílnum. Mamma fór með mig upp á slyso til öryggis og þegar hjúkkan spurði mig um hæð og þyngd sagði ég umhugsunarlaust: "Ég er 1,90 m á hæð og 80 kíló."

Hjúkkan skrifaði þetta niður en mamma beygði sig yfir mig og sagði blíðlega:

"Karlinn minn. Þú ert ekki á Netinu núna."

Áiiiiiiiiii

# FRÁ VÆNTINGUM TIL VERULEIKA

Námskeið fyrir konur á öllum aldri - af öllum stærðum og gerðum



Námskeiðið verður haldið á Hotel Ibis Findley Airport laugardaginn 8. október nk. frá kl. 13:00 - 17:00.

Efni námskeiðsins samanstendur af stuttum fyrirlestrum með léttu kvafi. Meðal annars verður fjallað um hugmyndaferði dr. Melvins Scroder um að í samböndum förum við í gegnum fimm stig. Það getur verið langur vegur frá væntingum okkar og draumum til sambanda og veruleikans sem við búum við.

Ýmsum áhugaverðum spurningum verður velt upp:

- Viljum við vera aftanlætur eða undirvagnar?
- Er hægt að festast á "þóknast þér skeiðinu"?
- Hver verður heimsmeistari í sektarkenni í ár?

Slagorð laugardagsins

## Verum sterkar - ekki þreyttar!

Námskeiðið kostar aðeins 50 evrur  
Skráning hjá Maríu Huseman í síma: 358 556

Hlakka til að sjá ykkur  
Jóhanna Guðrún Jónsdóttir • Fjölskylduráðgjafi



## Kvennahlaup í Luxembourg 19. júní 2005

Kvennahlaupið fór fram Trim Parcour í Walferdange eins og undanfarin tvö ár. Veðrið lék við hlaupendur sem samanstóðu af 24 konum og 24 börnum.

Kærar þakkir fá Kaupthing í Luxembourg fyrir að styrkja hlaupið með kaupum á bolum og medalíum eins og fyrri ár og nú bættu þeir við derhúfum.

Fil gaf öllum þátttakendum vatn að drekka í lokin, enda allir þyrstir í hitanum.

Þátttakendur eldri en 12 ára greiddu 10€ sem renna til góðgerðarmála, sem að þessu sinni renna til söfnunar þeirrar sem fylgt var eftir á þjóðhátíðarskemmtuninni og var tileinkuð þeim sem þurfa á sérstökum hjólastólum að halda.

Sigurveggarar í flokki fullorðinna voru:

1. Ingunn og Hildur Guðmundsdætur á tímanum 14:39.
2. Sylvie Juchers
3. Dís Bond



Sigurveggarar í flokki barna, 12 ára og yngri voru:

1. Örn Freyr Arnarson
2. Hildur Vala Baldursdóttir og Kolbrún Pálsdóttir
3. Petra Hlíf Arnardóttir

Sigurveggarar í kerruflokki:

1. Sigríður Bjarkadóttir & Aron Bjarki Sigurðarson

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg óskar vinningshöfum kærlega til hamingju með árangurinn sem og þátttakendum öllum. Sérstakar þakkir til Kimberly Drífu Bond og Dís Bond fyrir að safna áheituðum til styrktar kaupum á hjólastólunum.

Stjórnin

## Frá kirkjunefnd

Reynt verður að hafa messu í október eins og fyrirhugað var síðast þegar Brúin kom út. Krikjunefndin mun senda upplýsingar um vetrarstarfið um leið og hægt er.

*Kirkjunefndin*

## Basaarinn 2005

Basaar International verður í Foires Internationales í Kirchberg fyrstu helgina í aðventu sem núna ber upp á helgina 25. - 27. nóvember.

*Ritstýra*

## Heilsunámskeið Sólveigar

Nú er komið að því að bóka á heilsunámskeið Sólveigar Eiríksdóttur sem kennd er við Grænan Kost á Íslandi. Hún verður í Luxembourg 21, 22. og 23. október næstkomandi og heldur námskeið fyrir okkur hér, alla þrjá dagana (ef næg þátttaka næst) í gamla skólanum í Beidweiler.

Hún fer yfir hráefnisöflun og fræðslu, meðhöndlun ýmissa bauna, tofu, korn og heilsuþáttarháfræfni. Nokkrir réttir eru eldaðir, brauð bakað og sykurlaus kaka framreidd. Þátttekendur gæða sér síðan á öllu saman. Námskeiðið kostar 80€ og uppskiftarmappa fylgir með.

Fyrirhuguð námskeið eru eftirfarandi:

Byrjendanámskeið, föstudaginn 21. október kl. 19:00  
Framhaldsnámskeið, laugardaginn 22. október kl. 13:00  
Námskeið fyrir karla, sunnudaginn 23. október kl. 13:00

Byrjendanámskeiðið eru fyrir þá sem vilja byrja frá grunni. Framhaldsnámskeiðið eru fyrir þá sem hafa áður komið á námskeið. Þriðja námskeiðið er fyrir karlana, svo nú er bara að bóka sig strákar og hafa gaman af þessu!

Bæði kyn eru auðvitað velkomin á byrjenda- og framhaldsnámskeiðin.

Bókið ykkur hjá Elísabetu í síma 2674-7440, í GSM 021-266-578 eða á e-maili [elisabet@pt.lu](mailto:elisabet@pt.lu).  
Guðbjörg tekur einnig við bókunum á [gst@gmx.co.uk](mailto:gst@gmx.co.uk).



Því miður þurfum við að taka fram og biðjum ykkur vinsamlegast að athuga að tímar gætu tekið breytingum eftir aðsókn.

## Frá Spuna

Eftir aðalfund Spuna þann 11. október næstkomandi, mun ný stjórn væntanlega gefa upplýsingar um starfsemi vetrarins.

Allir eru velkomnir í Leikklúbbinn Spuna, ungir sem aldnir. Skemmtilegur félagsskapur og mikið gaman að taka þátt. Nýtt fólk hjartanlega velkomið, enginn þarf að vera feiminn, flestir byrja af forvitni og hafa engan grunn!

*Stjórn Spuna*

## Íslenskukennsla

Íslenskukennslan mun væntanlega hefjast eftir miðjan október.

Upplýsingar verða sendar út á Netinu.

*Stjórnin*

## Gáta

Lausn á bls. 6

Hvað er alltaf fyrir framan þig en þú getur þú ekki séð það?.

## Mikilvæg öryggistilkynning

Sony Computer entertainment Europe tilkynnir innköllun ákveðinna AC millistykki sem seld voru með PlayStation2 slimline.

Sony Computer Entertainment Europe (SCEE) hefur staðfest mögulegar öryggisáhyggjur af ákveðnum AC millistykki sem seld voru með nýju PlayStation2.slimline.

Ákveðin AC millistykki sem staðfest er að voru framleidd milli ágúst og desember 2004 og fylgdu með svörtu PlayStation2 slimline gerðunum SCPH70002, 70003 og 70004 geta ofhitnað og valdið neytendum slyshættu. Líklegt er að nokkrar þessara eininga hafi jafnvel verið til sölu eftir þessar dagsetningar. Engar aðrar PlayStation2 einingar eru í hættu. Til að tryggja gæði og öryggi PlayStaion neytendavara hefur

SCEE tekið þá ákvöðun að afturkalla öll viðkomandi AC millistykki í Evrópu, Mið-Austurlöndum, Afríku og Ástralíu.

Gerið ráðstafanir til endurnýjunar millistykkis með því að heimsækja; [www.ps2ac.com](http://www.ps2ac.com). Nýtt millistykki verður afhent án endurgjalds. Ekki fara með millistykkin aftur á sölustað.

Sem forvarnaraðgerð og þar til nýtt millistykki hefur verið útvegað ráðleggur SCEE neytendum sem eiga óöruggt AC millistykki samkvæmt tilkynningu þessari að taka PlayStation2 úr sambandi og hætta notkun þar til útvegað hefur verið nýtt AC millistykki.

*(Ritstýra þakkar ábendinguna Katrínu Ásgrímsdóttur. Nánari upplýs. MBL 24.09.2005).*

## Frá Ritstýru

Kæru lesendur.

Vonandi hefur sumarfríð verið öllum gleðilegt.

Nú færast vetrarstarfið yfir með öllum þeim skemmtilegheitum sem því fylgja. Alltaf nóg að gera og alltaf hægt að gera betur.

Ef einhverjir vilja fá Brúna í pósti þá endilega tilkynnið það á e-mail [bruin@islandus.net](mailto:bruin@islandus.net) eða hringið í síma 091-637-888. Þeir sem áður hafa fengið blaðið í pósti þurfa ekki að tilkynna neitt, nema ef þeir vilja

hætta að fá blaðið í pósti.

[Tilkynning um útgáfu Brúarinnar verður send á e-maili.](#)

Ný síða félagsins á Netinu er komin í notkun að hluta og gaman er að sjá hana þróast. Alltaf er verið að taka niður nýjar upplýsingar um símanúmera-og heimilisfangabreytingar og núna er sérstaklega brýnt að fá inn allar breytingar, sjá bls 1.

Vinsamlegast aðstoðið fólk ef það er nýkomið til Luxembourg að hafa samband við okkur, ef það vill koma fram í símaskránni og ganga í félagið.

*Ritstýra*



## Heimilishornið

### Saltfiskur með tómahvítlaukssósu

800 gr. saltfiskur (útvatnaður)

Steikið saltfiskinn upp úr ólífuolíu.

### Tómahvítlaukssósa

300 gr. tómatar í dós, skornir  
1 msk. hvítlaukur fint saxaður  
1 dl. hvítvín  
1/2 dl. ólífuolía, extra virgin  
Salt og pipar eftir smekk  
2 msk. söxuð steinselja

Hitið ólífuolíu í potti og svitið laukinn. Setjið hvítvínið út í ásamt tómötum, kryddið með salti og pipar. Sjóðið við vægan hita í ca. 20 mín. Og bætið að lokum steinseljunni út í. Gott er að hafa svartar ólífur, möndlur og pönnusteiktart kartöflur með þessum rétti.

(Meistarakokkur Nóatúns,  
Sturla Birgis)



Halloween í október. Skera út!

## Ráðagóðahornið

### Hvítlaukur gegn krans-æðasjúkdómum og kvefi

Hvítlaukur hefur verið verið notaður til lækninga í að minnsta kosti 3.500 ár og var skilgreindur sem lyf af Hippókratesi, föður læknisfræðinnar. Aristóteles gerði það einnig. Í hvítlauk er að finna efnið metýl allýl trísúlfíð sem lækkar blóðþrýsting með því að

vikka út æðaveggina. Það hindrar einnig að blóðflögur kekkist sem minnkar líkur á blóðtappa og fyrirbyggir hjarta- og æðasjúkdóma. Þá lækkar það hlutfall LDL (vonda) kólesterólsins í æðum og hefur góð áhrif á meltinguna. Hvítlaukur styrkir einnig ónæmiskerfið og er því kjörinn til að verjast kvefi og flensu. Hvítlaukur inniheldur allsín sem hefur sýkladrepandi áhrif og er því hvítlaukur náttúrulegt sýklalyf. Hvítlaukur fer vel með margs konar mat og

oft má gera góðan mat enn betri með því að bæta í hann örliðlu af þessum meinholla lauk. Sumir kjósa að taka hvítlaukstöflur eins og vítamín. Þær eru unnar úr ferskum hvítlauk og eru þeim mun virkari sem þær innihalda meira af virka efninu allsín. Mikið útval er til af hvítlaukstöflum með afar mismunandi styrkleika. Bestur árangur í rannsóknum hefur náðst með töflum sem innihalda um eða yfir 4 mg af allsín.

(Úrdráttur úr grein í Birtu)

## Skýrsla formanns Spuna á aðalfundi FÍL 26. apríl 2005

Skýrsla Spuna fyrir leikárið 2004-2005.

Verkefni þessa leikárs, sem er frá október til október, eru búin að vera tvö. Við byrjuðum starfsárið á "Draugaballi" fyrir börnin 20. nóvember 2004. Það tókst með miklum ágætum og mættu 64 manns. Veigar og meðlæti voru til sölu og happdrætti fylgdi hverjum seldum aðgöngumiða og voru flestir vinningarnir gefnir af velvildarmönnum.

Næsta og langstærsta verkefni ársins var svo leiksyningin "Ópera" sem sýnd var, eins og vera ber, á Þorablóti Félags Íslendinga í Luxembourg 29. janúar 2005. Leikstýra verksins var Steinunn Knútsdóttir og tónlistarstjóri var Pálmi Sigurhjártarson.

Undirbúningur handrits hófst á haustdögum með vikulegum handritssamningarfundum sem urðu svo fleiri þegar nær dró komu leikstjóra. Þremur vikum fyrir sýningu var svo hafist handa með miklum móð, marga tíma í senn á hverjum degi. Handritið tók miklum breytingum á æfingatímabilinu og lögðu allir sitt af mörkum við sköpun þess. 15 manna hópur stóð á sviði að þessu sinni, en þá eru ótaldir aðstoðarmenn.


Uppsetning verksins var talsvert óhefðbundin, leikið var á tveimur sviðum samtímis og einnig úti í sal meðal áhorfenda. Mæltist þetta vel fyrir og í mörg horn að líta fyrir áhorfendur, en örliðið flóknara fyrir videouptökumann að fylgja þessum hreyfingum eftir.

Samstarf Spuna og FÍL er með miklum ágætum og vonum við að svo verði áfram.

Spuni er í hvild þar til tekur að hausta en þá byrjum við aftur að nýju.

Spuni er opinn öllum, nýjum sem gömlum, ungum sem öldnum.

Stjörn Spuna



## Ferðasaga félagsmanns, áður birt í Brúnni 1972

Kristján er maður nefndur Gunnlaugsson, er hann maður þéttur á velli og fastlundaður og háprúður með afbrygðum, enda kominn af Haraldri konungi hárfagra í beinan karlegg.

Kristján þessi valdist snemma til mannaforráða og var þegar þessi saga gerist, sem nú skal frá greina, formaður á fleygi einu er C.L.A. heitir og var í förum vítt um lönd. En ferð þessi var farin á haustmánuðum síðastliðnum, og skyldi haldið allt til Uganda suður, en það er land þeldökkra. Kristján hafði með sér aðstoðarformann í

þessari för, mann einn vaskan er Þórður heitir Sigurjónsson.

Þórður er maður fagurlimaður mjög, frækinn og hertur úr svaðilförum um Þórsmörk og Arnarvatnsheiði á Fróni heima. Þórður þessi er kominn af ætt einni allmerkri er sat Seyðisfjörð, en hraktist þaðan er Lúðvík kappi Jósepsson lagði undir sig Norðfjörð. Þá var einnig með í förinni maður einn "vélráður" er Hörður heitir og sagður Ágústsson. Hörður þessi á til merkra að telja, því hann rekur ættir til Gunnars á Hlíðarenda og sem ætt

hans öll er Hörður fimur vel og stekkur gjarnan hæð sína í loft upp í öllum herklæðum, eða 1,65 slétta.

Loks var einnig með í för þessari, karl einn digur er Hafsteinn heitir, en lítt er um ættir hans vitað, enda sagður Hansson. Farmurinn var nautpeningur er Þýskir gáfu innfæddum í Uganda og mun hann hafa átt að kynbæta suður þar, en Indverjum og Engendingum gerist nú tíðförlt þaðan af landi brott. Hansakaupmaður frá Hamborg fylgdi þessum löndum sínum, en lítt sker hann sig úr þeirra hóp og

segir ekki frekar af honum í þessari för. Halda átti af stað um nónbil, en sem vandi er til voru menn ekki ferðbúinir fyrr en um náttmál, svo ekkert óvanalegt var við upphaf þessarar ferðar. Gaf nú formaður skipanir á bæði borð og sást þá að valin maður var í hverju rúmi, því brátt var farið á kostum á leið suður og farið mikinn. Þegar á fyrstu vöku róuðust menn nokkuð, samt mátti heyra formann kveða stundarhátt þetta alkunna stef úr Hávamálum;

Framhald á síðu 5





#### Framhald af síðu 4

Farkosturinn  
fíkrast um geiminn.  
fjöllum ofan,  
fer um heiminn.  
Varningi hlaðinn,  
á vængjum þýtur.  
Nautpeningurinn,  
mígur og skítur.

Segir nú ekkert frekar af ferðum þeirra félagar fyrr en komið er til Uganda. Voru þeir félagar þá nokkuð teknir að mæðast, héldu þeir hið snarasta til rekkju, drógu brekán yfir höfuð og höfðust lítt að. Nema kappinn Hafsteinn, hann var hinn brattasti og tók nú að hrekja þá þýsku af skipi sínu og hætti ei fyrr en algjör flótti var kominn í lið þeirra og stóð hann að lokum einn eftir á vígvellinum og glotti við tönn. Það var ekki fyrr en fluga ein lítil birtist á sveimi og lét ófriðlega að hann sá sitt óvænna, greip mal sinn og flýði til byggða.

Víkur nú sögunni að öðru fleygi frá heimahöfum C.L.A. manna, sem kom þarna aðsvífandi. Formaður á því fari var Einar nokkur Sigurðsson, ferðakappi mikill og ratvís með afbrygðum, enda kominn af ætt Hrafna-Flóka, en ætt sú hefur jafnan þótt vel til forustu fallin og er Einari þessum sist illa í ætt skotið, enda hefur hann mannaforráð all veruleg. Lítt vildu þó komumenn við þá C.L.A. menn tala og var á þeim asi mikill.

Einn var þó maður þar með í för sem var hinum miklum mun spakari og vildi ekki að neinu flana. Heitir sá Karl og er Guðmundsson Jónssonar Magnússonar Stefáns-sonar Skaftasonar Hróbjartssonar Hængssonar Torfa, sem var launsonur Ólafs Högnasonar en hann var eins og allir vita sonar sonar sonur Hjalta Mátssonar, sem var náfrændi Egils Skallagrímssonar. Skáldgáfa og röksnylli Egils gamla virðist hafa haldist í ættinni því jafnan þýkir Karl þessi hollráður og hafa jafnan á réttu að standa.

Þarf nú ekki að orðlengja það, að þegar Einar formaður vildi taka stjóran og halda heim á leið, hreyfðist Karl hvergi.

Gekk þá Einar til Karls og mælti: "Hvað dvelur þig fóstri? Mál er nú að halda af stað ef við eigum að ná heim fyrir náttmál."

Karl horfði hugsandi til skógar og

mælti:

"Fögur er Uganda og fer ég hvergi."

Mikil gleði kom upp í liði C.L.A. manna er þeim bætist þessi liðs- auki og sá Kristján formaður að með fulltingi Karls mundi hver vandi auðleystur, dróg hann þegar brekán yfir höfuð og var þegar sofnaður.

Árfa næsta dag hóf svo Hafsteinn að ferma farkostinn og sóttist verkið vel, var því lokið er formaður kom ásamt liðsmönnum sínum um miðnætti til að stýra farinu heim.

Ekkert varð þó af brottför í það skiptið, því nú neitaði farskjótinn að láta að stjórn, hvæsti hann og skirpti, spúði eldi og eimyrju og var hinn versti. Herði hinum vélráða, sem sá fyrir líkamlegri vellíðan farskjótans þótti nú sem hann launaði illa ofeldið og rann honum nú mjög í skap. Stökk hann hæð sína í loft upp og reitti hár sitt, stóðu þeir þar um stund andspænis hvorir öðrum og létu ófriðlega og virtust til alls búnir.

Undir morgun gáfust þeir félagar upp við að temja fákinn, tjóðruðu þeir hann rammyggilega, gengu síðan til rekkju, drógu brekán yfir höfuð og voru þegar sofnaðir.

Lítt var um hvíld hjá Herði Gunnarsniðja og var hann óror, náði hann loks talsambandi við mann einn í heimabyggð er Birkir heitir og talinn er fjölkunnugur.

Hörður mælti: "Vandi er mér nú nokkur fóstri. Farkosturinn gerist nú þreyttur mjög og vill ekki aðhafast, hóstar hann og hvæsir og er hinn versti."

Birkir svarar: "Það er bara svona." Hörður mælti: "Óáran þessi kemur á mig berskjaldaðan og leita ég nú þinna ráða."

Birkir svarar: "Ég veit alveg hvað þetta er, hann er bilaður."

Hörður mælti: "Hvað er nú til ráða?"

Birkir svarar: "Ég verð að fara og leita."

Hörður hváir: "Hvers leitar þú fóstri?"

Birkir svarar: "Nú einhvers sem getur tekið ákvarðanir."

Er þeir fóstrar höfðu þetta spjallað kvóddust þeir með kærleikum. Er skemmst frá því að segja að kallað var til þýngs í heimahéraði og voru brátt mættir þar eftirtaldir höfðingjar: Þorsteinn nokkur Þorsteinsson gætin maður vel og frammsýnn eins og hann á ætt til,

en hann mun kominn af Eiríki Rauða. Þar var og kominn Agnar nokkur Sigurvinsson, ættstór vel enda komin af Gissuri Hvíta, en sú ætt hefur jafnan setið Keflavík eins og kunnugt er. Einar stórbóndi Ólafsson var einnig boðaður til þessa þýngs, en var ekki við eins og slíkra er vandi. Loks var þar kominn Gunnar Björgvinsson og var þá talið fundarfært. Gunnar þessi hefur all mikið umleikis og mannaforráð all veruleg, enda á hann ætt til slíkra, en hann rekur ættir til Haralds konungs harðráða.

Er þeir C.L.A. menn fregnuðu af þessu þýngi tóku þeir brátt gleði aftur, heyrðist formaður kveða stundarátt:

Höldar harðduglegir,  
heima þýnga.

Og Hörður botnar:

Þá fer ég að sofa,  
þar til þeir hringja.

Gekk hann síðan til rekkju dróg brekán yfir höfuð og var þegar sofnaður.

Vart voru þeir Uganda búar komnir úr fjósi hinn næsta morgun, er enn einn farkostur af slekti C.L.A. kom aðsvífandi flytjandi liðsauka til Harðar. Voru það þrjár fóstbræður gráir fyrir járnum og vígalegir mjög. Fóstbræður þessir verða ekki nafngreindir hér, því fremur eru þeir ættsmáir og eiga hvorki til konunga eða presta að telja. Vel voru þeir vopnum búnir og til stórræða líklegir, en fremur sóttist þeim verkið seint þar til margnefndur Karl Egilsniðji gekk í lið með þeim.

Tók þá allt að gerast hraðar en frá verður greint og þegar á þriðja degi frá komu þeirra fóstbræðra, var fararskjótinn að fullu læknaður af öllum kvillum. Hélt nú Þórður varaformaður á fund formanns og mælti:

"Blessar eigum við ekki að fara og koma okkur mar, gæjarnir eru búnir að redda þessu." Ekki þurfti að hvetja formann fararinnar, var hann þegar vaknaður og heimfús mjög.

Kallaði hann nú saman lið sitt og sá að einn vantaði, var það kappinn Hafsteinn. Fannst hann eftir skamma leit hjá þeim þýsku, er að kynbótum vinna suður þar og leikur grunur á að hann hafi verið farinn að hafa áhuga á þeim málum í fásinninu síðustu dagana.

Var nú heimferðin hafin án ferkari tafa og gekk nú allt snöggjum betur og var farkosturinn brátt ofar skýjum og fór á kostum.

Leið nú ekki langt þar til Hörður heyrðist kveða hárra raust:

Það er erfitt þetta starf,  
að þvælast vítt um himingeim.  
Ef ég "feðra" oftast þarf,  
ætla ég að labba heim.

Ekkert markvert bar þó til tíðinda fyrr en þeir félagar tóku að nálgast leiðarenda, gall þá við rödd ein kunnugleg í talkerfinu og var þar komin Agnar Keflvíkingur og Gissur Hvíta niðji.

Beinti hann tali sínu til Karls oftnefns Guðmundssonar. Agnar mælti: "Heyrðu Kalli, það eru komir hérna einhverjir heilbrigðisefirlitsgjæjar til að tékka bólusetningarvottorðið þitt. Er það ekki í lagi?"

Karl Svarar: "Auðvitað er það í lagi, allt út skrifað, með ótal stimplum, með Íslenska skjaldarmerkinu meira að segja."

Agnar segir þá: "Jæja það er fint, bara að Íslenska krónan hafi nú ekki fallið nýlega."

Karl hvár undrandi: "Fallið-."

Agnar heldur áfram: "Já, ég meina, að þeir séu ekki hættir að taka hana gylda sem stimil á bólusetningarvottorðið."

Þegar þeir C.L.A. menn höfðu aftur fast land undir fótum, söfnuðust heimamenn kringum þá og gerðu góðan róm að framvindu þeirra allri í þessari sögufrægu ferð og þótti öllum sem þeir kappar væru úr helju heimtir. Karl, sást hinsvegar ganga afsíðist með manni einum innfæddum og ræddu þeir saman fjálglega nokkra hrið.

Fróðir menn, sem ávaning heyrðu af þessu samtali, telja að kvæðið Höfuðlausn, sem forfaðir hans Egill bjarg höfði sínu með forðum, hafi verið hreinn leirburður, samborið við þá drápu, er Karl flutti eftirlitsmanni þessum, beint af munnri fram og án hiks.

Allt um það, er Karl hafði lokið flutningi sinnar Höfuðlausnar, var hann frjáls ferða sinna, sem Egill forðum, þetta sannar okkur, að sagan er sífellt að endurtaka sig.

(Höfundur er talinn Hafsteinn Hansson. Texti að mestu birtur skv. handriti. Þórhildi Hinriksdóttur og Agnari Sigurvinssyni er þökkud aðstoð við öflun greinarinnar).



## Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg a.s.b.l.  
12 enner der Haerdchen  
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:  
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstýra  
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður  
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000  
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

# BRÚIN

[www.islandus.net](http://www.islandus.net)

### Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2005-2006

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 0771, 021 142 060, fil@islandus.net  
Þóra Karlsdóttir, ritari, 2694 5105, 021 501 117, fil.ritari@islandus.net  
Inga Birna Antonssdóttir, gjaldkeri, 2671 0929, 021 224 312, fil.gjaldkeri@islandus.net  
Guðbjörg Steinarrsdóttir, meðstjórnandi, 365 163, 091 637 888, gstl@islandus.net  
Elísabet I. Einarsdóttir, meðstjórnandi, 799 508, 021 363 734, elisabete@islandus.net  
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður, 2694 5006, 091 348 737, oskars@islandus.net

### Stjórn Kirkjunefndar 2005-2006

Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545  
María Huesmann, 358 556  
Sólveig Stefánsdóttir, 789 341  
Agnar Sigurvinsson, 435 183  
Sigurður Kristinsson, 787 710

### Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir, formaður, 341 882, spuni@islandus.net  
Stella Jóhannesdóttir, ritari, 357 064, stella26@pt.lu  
Katrín Ásgrímsdóttir, gjaldkeri, 2678 0257, spuni.gjaldkeri@islandus.net

### Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarsdóttir, formaður, 355 443  
Ingunn Guðmundsdóttir, gjaldkeri, 2694 5006

### Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elín Valsdóttir  
Elísabet Sigurðardóttir  
Eva Hrönn Jónsdóttir  
Herdís Þórisdóttir

### Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl.  
Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer  
LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

## Litlu dálkarnir

### Smáauglýsingar

#### Til sölu

Maxi Cosi stóll, burðarrúm og 3ja hjóla kerra (stóll og burðarrúm smella á).

Chicco eldhússtóll.

Baby Comfort bílstóll fyrir 9-18 kg. Göngugrind, kerrupoki og fullt af öðru aukadóti (gefins). Allt eins og nýtt, hlutlaust á litinn og á góðu verði.

Upplýsingar veitir Gígja í síma 021 257 907.

Þarf að losna við úr garðinum, lítinn turn með tvöfaldri rennibraut fyrir yngstu börnin.

Upplýsingar veitir Íris í síma 780 510.

#### Íbúðir til leigu

#### Orlofsíbúð til leigu rétt við Frankfurt

Allt eftir ykkar höfði, sólarhringur, dagar, vika o.s.frv..

Áhugasamir hafi samband við Hallveigu eða Martin Hahl í síma +49 6084 3273, GSM +49 0173 655 0873. Kíkið líka á [www.appartement-1-frankfurt.de](http://www.appartement-1-frankfurt.de) eða hafið samband á [appartement-1-frankfurt@web.de](mailto:appartement-1-frankfurt@web.de).

#### Orlofsíbúð í Bæjaralandi

Til leigu orlofsíbúð í Ruhpolding sem er mikill útivistarþær í Bæjaralandi. Laus t.d. allan október. Hafið samband með e-maili á [kajahaesler@yahoo.de](mailto:kajahaesler@yahoo.de) eða GSM +49 171 452 0596.

#### Ýmislegt

#### Frankfurt-Hahn.

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla á flugvöllinn Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

#### Luxembourgíska - talmál

Útlendinganefndin í Junglingster-

sýslu er að stofna félagsskap fyrir þá sem áhuga hafa á að læra Luxembourgísku og þá sérstaklega talmál.

Þeir sem hafa áhuga skrái sig hjá Sollu í síma 789 341.

#### Barnapía næsta sumar!

Vön barnapía frá Íslandi vill koma til Luxembourgar næsta sumar eftir að skóla lýkur á Íslandi til að passa barn/börn. Vön að passa t.d. 8. mánaða og sex ára.  
E-mail: [hannabirna787@hotmail.is](mailto:hannabirna787@hotmail.is).

#### Símaskrá

Finnbjörn Björnsson  
18 rue de la Victoir  
L-8047 STRASSEN  
Sími: 311 846  
Gsm F: 091 960 100

#### Lausn gátu á bls. 3

Framtíðin þín.

### Fæðingar

Eva Hrönn Jónsdóttir og Þorvaldur Ásgeirsson eignuðust soninn Óðinn Breka þann 27. maí. Hann var 4250 gr. og 53,5 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Margrét Einarsdóttir og Guðni Magni Kristjánsson eignuðust soninn Nökkva Hrafn þann 9. júní. Hann var 4100 gr. og 54 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Ragna Emilsdóttir og Ásgeir Guðmundsson eignuðust soninn Alfreð Loga þann 24. maí. Hann var 4125 gr. og 51 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Jóhanna Friðriksdóttir og Ólafur Reynir Ólafsson eignuðust dótturina Emblu Ósk þann 5. september. Hún var 4100 gr. og 52,5 cm. Við óskum þeim til hamingju.